

BORGARRÁÐ 5. desember 2019: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um heildarkostnað við blað um uppbyggingu íbúða í borginni - R18080190

Fyrirspurn í framhaldi á svari við kostnað upplýsingabæklings. Fram kemur í svari við fyrirspurn um kostnað á upplýsingabæklingi að markmiðið með honum var að auka þekkingu uppbyggingaraðila. Borgarfulltrúi Flokks fólksins spyr af hverju auka þarf þekkingu uppbyggingaraðila með þessum hætti? Væru rafrænar upplýsingar ekki betri og ódýrari leið til þess? Að greiða á 9. milljón til að auka þekkingu uppbyggingaraðila er fyrir ofan skilning borgarfulltrúa Flokks fólksins. Er ekki hægt að auka þekkingu byggingaraðila með öðrum ódýrari hætti t.d. með því að setja upplýsingarnar á netið?